# Arfleiðsluskrá Eyjólfs Eiríkssonar 1911

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

Borgarskjalasafn.is

Stafrænt afrit úr einkaskjalasafni Eyjólfs Eiríkssonar

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Við undirrituð hjón, jeg Eyjólfur Eiríksson Tapetserer í Reykjavík, sem á ekkert afkvæmi og jeg Helga Guðrún Eyvindsdóttir, gjörum hjermeð svofelda erfðaskrá, þar sem við eigum engin börn saman:

1.

Ef jeg Eyjólfur Eiríksson dey á undan konu minni, arfleiði jeg hana að öllum eigum mínum, án nokkurrar undantekningar og má hún því, að mjer látnum halda öllum eignum mínum sem sinni eign óskertri, án nokkurrar íhlutunar af hálfu erfingja minna.

2.

Ef jeg Helga Guðrún Eyvindsdóttir dey á undan manni mínum, arfleiði jeg hann að svo miklu af eptirlátnum eignum mínum, sem lög frekast leyfa og skal hann því, auk síns hluta af fjelagsbúi okkar og auk bróðurláts, fá eins mikinn hluta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af búi okkar, sem eigi frekast er heimilt að ráða yfir eptir minn dag og tek jeg það í þessu sambandi fram, að það er eindreginn síðasti vilji minn, að börn mín af þessa hjónabandi fái eins lítinn arf eptir mig og lög frekast leyfa, en maður minn eins mikit og frekast er unnt að lögum.

3.

Að öðrum hjónum báðum látnum skulu eignir þær, sem það okkar lætur eptir sig, sem lengur lifir, skiptast milli erfingja okkar beggja, eins og lög mela fyrir og eins og erfðahlutföllin verða þá. Þetta gildir þó því aðeins, að það okkar, sem lengur lifir, hafi eigi gert aðra ráðstöfun eigna sinna eptir sinn dag.

4.

Arfleiðsluskrá þessa höfum vit sjálf undirritat með eigin hendi okkar í viðurvist undirritaðra votta, sem vit höfum sjerstaklega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvatt til þess at vera til staðar og votta um undirskrift okkar og að vit höfum gert arfleiðsluskrá þessa af fúsum vilja og alls gáð.

Reykjavík 10 ágúst 1911.

Eyjólfur Eiríksson

Guðrún Eyvindsdóttir

Vit undirritaðir, þar til kvaddir af þeim hjónum Eyjólfi Eiríkssyni Tapetserer í Reykjavík og Helgu Guðrúnu Eyvindsdóttur, vottum hérmeð, at þau hjón hafa með eigin hendi, at okkur ásjáandi, undirritað framanritaða arfleiðsluskrá, af fúsum vilja og alls gáð. Þetta vottorð erum vit reiðubúnir að staðfesta með eiði hvenær sem krafist verður.

Reykjavík d. u. s.

Sigurður Guðmundsson

Jón Gíslason

Guðm. Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur